

Hafnarsjóður Þorlákshafnar  
Ársreikningur  
2015

Hafnarsjóður Þorlákshafnar  
Hafnarbergi 1  
815 Þorlákshöfn  
Kt. 420190-1909

# Efnisyfirlit

---

<b>Efnisyfirlit</b>	
Skýrsla stjórnar.....	3
Áritun óháðra endurskoðenda.....	4
Rekstrarreikningur.....	5
Efnahagsreikningur.....	6
Yfirlit um sjóðstreymi.....	7
Skýringar.....	8-11
Sundurliðanir.....	12-14

## Skýrsla hafnarstjórnar og hafnarstjóra

---

Ársreikningur Hafnarsjóðs Þorlákshafnar fyrir árið 2015 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur á Íslandi.

Rekstur hafnarinnar var með líku sniði og verið hefur undanfarin ár. Tekjur Hafnarsjóðs af komum Herjólfsvoru tæpar 22 milljónir króna sem er umtalsvert meira en gert var ráð fyrir í áætlunum ársins. Komur Herjólfsvoru alls 346 á árinu.

Landaður afli var um 14.877 tonn, sem er um 700 tonna minnkun frá fyrra ári, þar af voru um 11.000 tonn af bolfiski og um 3.000 tonn af öðrum tegundum. Aflaminnkunina má að öllu leyti rekja til minni löndunar á makríl en verið hefur á síðustu árum. Þá var landað um 675 tonnum af humri á árinu. Komur fiskiskipa voru alls 1.594 á árinu. Vöruflutningar um höfnina voru talsverðir en um höfnina fóru um 72 þúsund tonn af ýmiskonar varningi, mest af vikri og áburði. Komur vöruflutningaskipa voru alls 33 á árinu.

Unnið var að ýmsum minniháttar viðhaldsverkefnum á árinu og var um 5 milljónir króna varið í þau verkefni. Þá var hafin vinna við frekari stækkun og úrbætur á hafnarmannvirkjum og varð heildarkostnaður við verkið tæpar 106 milljónir króna, þar af var kostnaðarhlutdeild hafnarinnar í þeim 42.4 milljónir króna eða um 40% af heildarkostnaði. Framlag Hafnabótasjóðs nam 60% af heildarkostnaði við verkið. Þá festi Hafnarsjóður kaup á hluta fasteignarinnar Hafnarskeið 9 undir verkstæði og vinnuástöðu vegna ýmissa viðhaldsverkefna sem starfsmenn hafnarinnar sinna. Þá hefur á árinu verið unnið áfram að því að markaðssetja höfnina enn frekar og varið í það nokkrum fjármunum.

Rekstrartekjur hafnarinnar á árinu 2015 voru 186,3 milljónir króna, þar af var hlutdeild ríkisins í dýpkunarframkvæmdum 39,4 milljónir króna, rekstrartekjur af reglulegri starfsemi voru því 146,9 milljónir króna. Rekstrargjöld voru 179,8 milljónir króna, þar af var kostnaður vegna dýpkunarframkvæmda 65,6 milljónir króna. Fjármunatekjur voru um 4,9 milljón króna og fjármagnsgjöld um 2,4 milljónir króna. Rekstrarniðurstaða ársins var því jákvæð um 8,9 milljónir króna.

Hafnarstjórn Þorlákshafnar og hafnarstjóri staðfesta hér með ársreikning Hafnarsjóðs Þorlákshafnar fyrir árið 2015 með undirskrift sinni.

Þorlákshöfn, 28. apríl 2016

### Hafnarstjórn

Sveinn Steinarsson  
Stjórnarformaður

Jón Páll Kristófersson

Gestur Þór Kristjánsson

Þórarinn Gylfason

Guðmundur Oddgeirsson

### Hafnarstjóri

Hjörtur Jónsson

# Áritun óháðra endurskoðenda

---

## Til hafnarstjórnar Þorlákshafnar

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Hafnarsjóðs Þorlákshafnar fyrir árið 2015. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu hafnarstjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

## Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Samkvæmt því ber þeim að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og reikningshaldslegu mati miðað við aðstæður.

## Ábyrgð endurskoðenda

Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum, skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fái um hvort ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og skýringum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er að völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits Hafnarsjóðs sem varðar gerð og framsetningu ársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits sjóðsins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á þeim reikningsskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

## Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu Hafnarsjóðs Þorlákshafnar á árinu 2015, efnahag þess 31. desember 2015 og breytingu á handbæru fé á árinu 2015, í samræmi við lög um ársreikninga.

Reykjavík, 28. apríl 2016

**BDO ehf.**

Sigrún Guðmundsdóttir

löggiltur endurskoðandi

## Rekstrarreikningur ársins 2015

	Skýr.	2015	Fjárhags- áætlun	2014
<b>Rekstrartekjur</b>				
Hafnargjöld.....		107.945.884	103.090.000	94.968.792
Önnur seld þjónusta.....		38.957.788	29.860.000	30.152.102
Aðrar tekjur.....		39.382.259	0	561.979
		<u>186.285.931</u>	<u>132.950.000</u>	<u>125.682.873</u>
<b>Rekstrargjöld</b>				
Laun og launatengd gjöld.....	3	50.645.471	45.295.000	44.608.471
Breyting lífeyrisskuldbindingar.....		(89.614)	1.510.000	1.847.252
Rekstur hafnarmannvirkja.....		80.217.309	15.775.000	15.000.307
Rekstur hafnsögubáts.....		6.715.997	4.545.000	3.088.962
Rekstur hafnarhúss.....		1.100.500	2.195.000	1.261.772
Rekstur bifreiðar.....		1.002.587	535.000	522.016
Rekstur Hafnarskeið 9.....		1.082.222	0	0
Rafmagn og vatn til endursölu.....		4.959.659	6.600.000	3.651.469
Annar rekstrarkostnaður.....		11.692.380	9.510.000	8.695.820
Afskriftir.....	5	22.484.939	22.132.000	23.121.345
		<u>179.811.450</u>	<u>108.097.000</u>	<u>101.797.414</u>
<b>Rekstrarniðurstaða án fjármunatekna og fjármagnsgjalda</b>		6.474.481	24.853.000	23.885.459
<b>Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld</b>				
Fjármunatekjur.....	4	4.882.950	3.402.000	4.109.624
Fjármagnsgjöld.....	4	(2.428.570)	(2.751.000)	(2.349.728)
		<u>2.454.380</u>	<u>651.000</u>	<u>1.759.896</u>
<b>Rekstrarniðurstaða</b>		<u><u>8.928.861</u></u>	<u><u>25.504.000</u></u>	<u><u>25.645.355</u></u>

## Efnahagsreikningur 31. desember 2015

Eignir	Skýr.	31.12.2015	31.12.2014
<b>Fastafjármunir</b>			
Hafnarmannvirki.....	5	296.824.819	273.297.224
Fasteignir.....	5	63.510.807	56.770.247
Áhöld og tæki.....	5	13.130.668	13.826.383
Eignarhlutir í félögum.....	6	745.891	745.891
		<u>374.212.185</u>	<u>344.639.745</u>
<b>Veltufjármunir</b>			
Óinnheimtar tekjur og viðskiptakröfur.....	7	16.619.381	14.134.208
Aðrar skammtímakröfur.....	7	74.993.354	5.191.777
Handbært fé.....	7	43.061.590	152.348.393
		<u>134.674.325</u>	<u>171.674.378</u>
<b>Eignir samtals</b>		<u><u>508.886.510</u></u>	<u><u>516.314.123</u></u>
<b>Eigið fé og skuldir</b>			
<b>Eigið fé</b>			
Óráðstafað eigið fé.....	8	445.808.806	436.879.945
		<u>445.808.806</u>	<u>436.879.945</u>
<b>Langtímaskuldir og skuldbindingar</b>			
Skuldir í íslenskum krónum.....	9	28.697.050	33.235.770
Lífeyrisskuldbinding.....	10	19.679.576	21.033.575
		<u>48.376.626</u>	<u>54.269.345</u>
<b>Skammtímaskuldir</b>			
Viðskiptaskuldir.....	11	7.303.134	3.382.351
Næsta árs afborganir langtímaskulda.....	11	5.201.857	5.113.196
Skuldir við tengd félög.....		210.856	10.912.739
Aðrar skammtímaskuldir.....	11	1.985.231	5.756.547
		<u>14.701.078</u>	<u>25.164.833</u>
<b>Skuldir samtals</b>		<u><u>63.077.704</u></u>	<u><u>79.434.178</u></u>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<u><u>508.886.510</u></u>	<u><u>516.314.123</u></u>

## Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2015

	Skýr.	2015	2014
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
<i>Hreint veltufé frá rekstri:</i>			
Rekstarniðurstaða ársins.....		8.928.861	25.645.355
<i>Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:</i>			
Afskriftir.....	5	22.484.939	23.121.345
Verðbætur.....		707.467	419.622
(Lækkun), hækkun lífeyrisskuldbindingar.....		(1.353.999)	777.795
		<u>30.767.268</u>	<u>49.964.117</u>
<i>Breyting á rekstartengdum eignum og skuldum</i>			
(Hækkun), lækkun rekstartengdra eigna.....		(72.286.750)	(5.258.304)
Hækkun, (lækkun) rekstartengdra skulda.....		149.467	2.674.680
		<u>(72.137.283)</u>	<u>(2.583.624)</u>
<b>Handbært fé frá rekstri</b>		(41.370.015)	47.380.493
<b>Fjárfestingahreyfingar</b>			
Keyptir/seldir varanlegir rekstrarfjármunir.....	5	(52.057.379)	(3.306.879)
Hækkun (lækkun) á kröfum á tengd félög.....		(10.701.883)	8.431.079
		<u>(62.759.262)</u>	<u>5.124.200</u>
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>			
Afborganir langtímaskulda.....		(5.157.526)	(5.088.903)
		<u>(5.157.526)</u>	<u>(5.088.903)</u>
<b>Hækkun handbærs fjár</b>		(109.286.803)	47.415.790
Handbært fé í ársbyrjun.....		152.348.393	104.932.603
<b>Handbært fé í árslok</b>		<u><u>43.061.590</u></u>	<u><u>152.348.393</u></u>

# Skýringar

---

## 1. Starfsemi

Hafnarsjóður Þorlákshafnar er B hluta fyrirtæki í eigu Sveitarfélagsins Ölfuss. Meginstarfsemi Hafnarsjóðsins er þjónusta við fiski- og flutningaskip í Þorlákshöfn. Bryggjukantar eru um 1.200 metrar og er dýpi í innsiglingu 8 metrar.

## 2. Reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við settar reikningsskilareglur á Íslandi, sveitarstjórnarlög nr. 138/2011, lög um ársreikninga nr. 3/2006, lög um bókhald nr. 145/1994, reglugerð nr. 696/1996 um framsetningu og innihald ársreikninga, reglugerð um bókhald og ársreikninga sveitarfélaga nr. 944/2000 og auglýsingu um reikningsskil sveitarfélaga nr. 790/2001. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum.

Eftirfarandi er samantekt á helstu reikningsskilaaðferðum Hafnarsjóðs Þorlákshafnar.

### Skráning tekna

Tekjur af þjónustu eru tekjufærðar þegar þjónustan hefur verið innt af hendi. Vaxtatekjur eru færðar fyrir viðkomandi tímabil í samræmi við viðeigandi höfuðstól og vaxtaþrósentu.

### Varanlegir rekstrarfjármunir

Eignir eru skráðar meðal varanlegra rekstrarfjármuna þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýtast Hafnarsjóði og hægt er að meta kostnað vegna eignarinnar með áreiðanlegum hætti. Varanlegir rekstrarfjármunir eru upphaflega skráðir á kostnaðarverði. Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði og öllum beinum kostnaði við að koma eigninni í tekjuhæft ástand.

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti af kostnaðarverði miðað við eignarhaldstíma á árinu að teknu tilliti til væntanlegs hrakvirðis.

Hagnaður eða tap vegna sölu eigna er mismunur söluverðs og bókfærðs verðs eigna á söluþegi.

### Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til niðurfærslu. Niðurfærslan er ekki endanleg afskrift heldur er myndaður mótreikningur til að mæta hugsanlegu tapi sem kann að myndast í framtíðinni.

### Langtímaskuldir

Langtímaskuldir eru færðar á nafnverði að frádregnum greiddum afborgunum og eru eftirstöðvar nafnverðs reiknaðar upp miðað við gildandi gengi eða vísitölu í lok tímabilsins eftir því sem við á. Vaxtagjöld vegna langtímalána eru færð til gjalda á því tímabili sem þau tilheyra. Lántökukostnaður vegna nýrra lána er færður til gjalda á lántökuári.

### Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til gengismunar.

### Skuldbindingar

Skuldbindingar eru færðar upp í efnahagsreikningi ef líklegt þykir að Hafnarsjóður verði fyrir fjárhagslegum útgjöldum í framtíðinni vegna tiltekins atburðar eða viðskipta og hægt er að meta fjárhæð hennar með áreiðanlegum hætti.

Skuldbindingar vegna lífeyrisréttinda starfsmanna Hafnarsjóðs er færð meðal skuldbindinga í efnahagsreikning á grundvelli tryggingafræðilegrar úttektar. Breyting skuldarinnar er annars vegar afborgun af skuldbindingunni og hins vegar breyting til hækkunar eða lækkunar sem farið er með í gegnum rekstrarreikning.



## Skýringar

### 3. Laun og annar starfsmannakostnaður

	2015	2014
Laun.....	39.557.521	34.148.791
Lífeyrissjóður.....	4.977.335	4.429.177
Önnur launatengd gjöld.....	4.186.530	4.279.443
Annar starfsmannakostnaður.....	1.924.085	1.751.060
	<u>50.645.471</u>	<u>44.608.471</u>
Stöðugildi.....	5	4

### 4. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

	2015	2014
Fjármunatekjur greinast þannig:		
Vaxtatekjur.....	4.882.950	4.098.211
Arður af hlutabréfaeign.....	0	11.413
	<u>4.882.950</u>	<u>4.109.624</u>
Fjármagnsgjöld greinast þannig:		
Verðbætur.....	707.467	419.622
Vaxtagjöld.....	1.721.103	1.930.106
	<u>2.428.570</u>	<u>2.349.728</u>

### 5. Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

	Hafnar- mannvirki	Fasteignir	Áhöld og tæki	Samtals
<b>Kostnaðarverð</b>				
Staða í ársbyrjun.....	493.660.871	77.848.711	27.000.495	598.510.077
Eignfært á árinu.....	42.403.753	8.700.000	953.626	52.057.379
Selt á árinu.....	0	0	0	0
Staða í árslok.....	<u>536.064.624</u>	<u>86.548.711</u>	<u>27.954.121</u>	<u>650.567.456</u>
<b>Afskriftir</b>				
Staða í ársbyrjun.....	220.363.647	21.078.465	13.174.111	254.616.223
Afskrift ársins.....	18.876.158	1.959.440	1.649.341	22.484.939
Selt á árinu.....	0	0	0	0
Staða í árslok.....	<u>239.239.805</u>	<u>23.037.905</u>	<u>14.823.452</u>	<u>277.101.162</u>
<b>Bókfært verð</b>				
Bókfært verð í ársbyrjun.....	273.297.224	56.770.247	13.826.383	343.893.854
Bókfært verð í árslok.....	296.824.819	63.510.807	13.130.668	373.466.294
Afskriftarhlutfall.....	2-4%	2-5%	4-15%	

Fasteignamat og vátryggingamat eigna Hafnarsjóðs í árslok greinist þannig:

	Fasteigna- mat	Vátrygginga- mat	Bókfært verð
Fasteignir og lóðir.....	23.675.000	70.250.000	63.510.807
Hafnarmannvirki.....	0	4.180.414.000	296.824.819
	<u>23.675.000</u>	<u>4.250.664.000</u>	<u>360.335.626</u>

## Skýringar

### 6. Fjárfestingaverðbréf

	31.12.2015	31.12.2014
Eignarhluti í Ísfélagi Þorlákshafnar.....	745.891	745.891
	<u>745.891</u>	<u>745.891</u>

### 7. Aðrar peningalegar eignir

#### Viðskiptakröfur og óinnheimtar tekjur

	31.12.2015	31.12.2014
Óinnheimtar tekjur.....	17.996.573	14.688.447
Niðurfærsla vegna krafna sem kunna að tapast.....	(1.377.192)	(554.239)
	<u>16.619.381</u>	<u>14.134.208</u>

Breytingar á niðurfærslu viðskiptakrafna greinist þannig:

	31.12.2015	31.12.2014
Staða í ársbyrjun.....	554.239	306.704
Endanlega afskrifaður kröfur.....	(85.426)	(46.935)
Gjaldfærð niðurfærsla á árinu.....	908.379	294.470
Staða í árslok.....	<u>1.377.192</u>	<u>554.239</u>

Niðurfærsla hefur verið reiknuð vegna krafna sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati stjórnenda og reynslu fyrri ára.

#### Aðrar skammtímakröfur

	31.12.2015	31.12.2014
Áfallnir vextir.....	320.212	270.104
Krafa á Ríkissjóð.....	48.898.948	4.921.673
Virðisaukaskattur.....	25.774.194	0
	<u>74.993.354</u>	<u>5.191.777</u>

#### Handbært fé

Handbært fé hafnarsjóðs samanstendur af óbundnum bankainnstæðum.

	31.12.2015	31.12.2014
Óbundnar bankainnstæður í íslenskum krónum.....	43.061.590	152.348.393
	<u>43.061.590</u>	<u>152.348.393</u>

### 8. Eigið fé

	Óráðstafað eigið fé
Eigið fé 1.1.2014.....	411.234.590
Rekstrarniðurstaða ársins 2014.....	25.645.355
Eigið fé 1.1.2015.....	436.879.945
Rekstrarniðurstaða ársins 2015.....	8.928.861
Eigið fé 31.12.2015.....	<u>445.808.806</u>

## Skýringar

### 9. Langtímaskuldir

	31.12.2015	31.12.2014
Skuldir í íslenskum krónum við lánastofnanir.....	<u>33.898.907</u>	<u>38.348.966</u>
	33.898.907	38.348.966
Næsta árs afborganir.....	<u>(5.201.857)</u>	<u>(5.113.196)</u>
Langtímaskuldir í árslok.....	<u>28.697.050</u>	<u>33.235.770</u>

Afborganir af langtímaskuldum greinast þannig:

Næsta árs afborganir.....	5.201.857
Afborganir 2017.....	5.201.857
Afborganir 2018.....	5.201.857
Afborganir 2019.....	5.201.857
Afborganir 2020.....	5.201.857
Afborganir síðar.....	7.889.622
	<u>33.898.907</u>

### 10. Lífeyrisskuldbinding

Á Hafnarsjóði hvílir skuldbinding vegna eftirlaunasamninga við starfsmenn sjóðsins. Samkvæmt tryggingafræðilegu mati nemur skuldbindingin 19,7 milljónum króna og miðast útreikningurinn við 2% ávöxtun umfam launahækkanir. Lækkun skuldbindingarinnar á árinu er tæpar 1.354 þúsundir króna. Tekjufærsla ársins í rekstrarreikningi nemur um 90 þúsundum króna.

### 11. Aðrar peningalegar skuldir

#### Viðskiptaskuldir

	31.12.2015	31.12.2014
Innlendar viðskiptaskuldir.....	<u>7.303.134</u>	<u>3.382.351</u>
	7.303.134	3.382.351

#### Aðrar skammtímaskuldir

	31.12.2015	31.12.2014
Virðisaukaskattur.....	0	3.544.158
Ógreiddir, áfallnir vextir.....	536.733	607.192
Ógreitt, áfallið orlof.....	1.448.498	1.605.197
	<u>1.985.231</u>	<u>5.756.547</u>

#### Næsta árs afborganir langtímaskulda

	31.12.2015	31.12.2014
Skuldir við lánastofnanir.....	<u>5.201.857</u>	<u>5.113.196</u>
	5.201.857	5.113.196

## Sundurliðanir

	2015	2014
<b>Hafnargjöld</b>		
Lestargjöld.....	2.682.273	2.759.679
Bryggjugjöld.....	7.885.866	7.985.661
Aflagjöld.....	57.519.889	49.916.853
Vörugjöld.....	18.312.474	19.587.154
Hafnargjöld.....	21.978.225	14.376.312
Afskriftir þjónustutekna.....	(0)	(147.235)
Niðurfærsla þjónustutekna.....	(454.190)	0
Þjónustutekjur.....	21.347	490.368
	<u>107.945.884</u>	<u>94.968.792</u>
<b>Önnur seld þjónusta</b>		
Tengigjöld.....	379.890	323.960
Vogargjöld.....	3.456.645	3.426.051
Festargjöld.....	1.129.680	1.414.890
Sorpgjald.....	2.821.405	1.749.191
Hafnsögugjald.....	7.344.684	3.454.044
Hafnarbakkaleiga.....	967.107	1.149.585
Kranaleiga.....	505.300	450.736
Þjónusta lóðsbáts.....	9.055.475	6.867.451
Selt rafmagn og vatn.....	9.041.476	7.347.038
Hafnaverndargjald.....	717.650	951.160
Vinna verkamanna.....	3.357.280	3.165.231
Afskriftir þjónustutekna.....	(0)	(147.235)
Niðurfærsla þjónustutekna.....	(454.189)	0
Ýmis seld þjónusta.....	635.385	0
	<u>38.957.788</u>	<u>30.152.102</u>
<b>Aðrar rekstrartekjur</b>		
Þátttökugjöld.....	0	270.000
Endurgreiðslur frá ríkissjóði.....	39.382.259	291.979
	<u>39.382.259</u>	<u>561.979</u>
<b>Laun og launatengd gjöld</b>		
Laun.....	39.557.521	34.148.791
Lífeyrissjóður.....	4.977.335	4.429.177
Launatengd gjöld.....	4.343.229	3.826.305
Launþegatrygging.....	155.418	110.588
Áfallið orlof.....	(156.699)	453.138
Dagpeningar.....	463.050	0
Bifreiðastyrkir.....	1.247.400	1.640.472
Annar starfsmannakostnaður.....	58.217	0
	<u>50.645.471</u>	<u>44.608.471</u>

## Sundurliðanir

	2015	2014
<b>Breyting lífeyrisskuldbindingar</b>		
Breyting lífeyrisskuldbindingar.....	(89.614)	1.847.252
	<u>(89.614)</u>	<u>1.847.252</u>
<b>Rekstur hafnarmannvirkja</b>		
Viðhald hafnargarða og vita.....	7.530.668	7.750.037
Dýpkun.....	65.637.099	382.676
Gámabjónusta.....	2.066.096	1.547.019
Öryggisgæsla og eftirlitsgjöld.....	273.709	56.818
Rafmagn.....	3.391.675	4.149.414
Tryggingar.....	836.083	822.943
Flutningskostnaður.....	6.981	0
Áhöld.....	265.577	44.577
Vinnufatnaður og þvottur.....	209.421	246.823
	<u>80.217.309</u>	<u>15.000.307</u>
<b>Rekstur hafnsögubáts</b>		
Olía .....	1.962.129	106.396
Rafmagn.....	206.759	118.865
Tryggingar.....	1.035.030	1.047.676
Öryggisgæsla.....	273.179	82.817
Viðhald skips.....	2.509.799	917.615
Annar kostnaður.....	729.101	815.593
	<u>6.715.997</u>	<u>3.088.962</u>
<b>Rekstur hafnahúss</b>		
Rafmagn og hiti.....	320.680	469.338
Vátryggingar.....	84.143	86.402
Öryggisgæsla og eftirlitsgjöld.....	4.408	0
Viðhald og viðgerðir.....	43.836	50.860
Fasteignagjöld.....	550.141	578.456
Annar kostnaður.....	97.292	76.716
	<u>1.100.500</u>	<u>1.261.772</u>

## Sundurliðanir

	2014	2013
<b>Rekstur bifreiðar</b>		
Eldsneyti og smurning.....	262.783	169.493
Viðhald og viðgerðir.....	540.881	169.405
Tryggingar.....	198.923	183.118
	<u>1.002.587</u>	<u>522.016</u>
<b>Rekstur Hafnarskeið 9</b>		
Rafmagn og hiti.....	17.520	0
Vátryggingar.....	18.751	0
Viðhald og viðgerðir.....	724.185	0
Fasteignagjöld.....	147.620	0
Annar kostnaður.....	174.146	0
	<u>1.082.222</u>	<u>0</u>
<b>Rafmagn og vatn til endursölu</b>		
Rafmagn .....	3.306.826	2.908.436
Vatn.....	1.652.833	743.033
	<u>4.959.659</u>	<u>3.651.469</u>
<b>Annar rekstrarkostnaður</b>		
Sími og netþjónusta.....	643.078	779.230
Póstburðargjöld.....	64.490	61.092
Auglýsingar.....	3.225.371	856.069
Bækur, blöð og tímarit.....	52.510	219.835
Pappír, prentun og ritföng.....	167.958	70.149
Skrifstofuáhöld og búnaður.....	61.740	487.561
Ferðakostnaður.....	462.379	304.459
Kaffikostnaður.....	102.104	159.567
Endurskoðun og reikningsleg aðstoð.....	285.500	290.671
Önnur aðkeypt þjónusta .....	883.472	425.914
Árgjald til hafnarsambandsins.....	411.400	387.400
Hlutdeild í skrifstofukostnaði.....	3.010.000	2.910.000
Styrkir.....	355.900	247.050
Þjónustugjöld banka.....	88.633	76.828
Hafnardagar.....	1.500.000	1.265.541
Viðhaldskostnaður.....	7.100	3.834
Annað ósundurliðað.....	370.745	150.620
	<u>11.692.380</u>	<u>8.695.820</u>